



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2020
R19120135
100

Borgarráð

Tillaga um útvíkkun á starfsemi Afleysingarstofu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagaða tillögu sviðstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs um útvíkkun á starfsemi Afleysingarstofu, dags. 21. janúar 2020. Kostnaður vegna tillögunar verður 16,2 m.kr. og verður fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga mannauðs- og starfsumhverfissviðs um útvíkkun á starfsemi Afleysingarstofu, dags. 21. janúar 2020



Reykjavík 21. janúar 2020

Tillaga mannauðs- og starfsumhverfissviðs um útvíkkun á starfsemi Afleysingastofu

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur til að farið verði í annan áfanga tilraunaverkefnis um Afleysingastofu og starfsemi stofunnar verði útvíkkuð eins og áætlað var í upphafi tilraunaverkefnisins. Í september 2018 komu fyrstu starfsmenn til starfa á leikskólum Reykjavíkurborgar í gegnum Afleysingastofu og í fyrsta fasa verkefnisins sem lýkur í árslok 2019, hefur einungis verið horft til afleysinga á leikskólum Reykjavíkurborgar. Lagt er til að útvíkka starfsemi Afleysingastofu frá og með 1. febrúar 2020 þannig að hægt verði þjónusta fleiri þjónustubætti með afleysingar og að bjóða umsækjendum störf á fleiri sviðum Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði gæti þjónusta Afleysingastofu nýst fyrir afleysingar í nokkrum þjónustubáttum þar sem þjónusta má ekki falla niður og á það við fjölda starfsstaða sviðsins m.a. á hjúkrunarheimilum, skammtímadvöl fyrir börn og á heimilum fyrir fatlað fólk. Alls telur velferðarsvið að þjónusta Afleysingastofu gæti nýst á 98 starfseiningum sviðsins. Alls voru unnar að meðaltali 3540 stundir á mánuði vegna afleysinga á velferðarsviði frá janúar 2019 til september 2019.


Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði sem tekið hefur þátt í Afleysingastofu frá upphafi er mikill áhugi hjá leikskólastjórum að fá áfram að njóta þjónustu Afleysingastofu og er vilji á sviðinu til að færa þjónustuna einnig til grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Reynsla skóla- og frístundasviðs af Afleysingastofu sýnir að það er annar hópur umsækjanda sem leitar eftir starfi hjá Afleysingastofu heldur en sækir um störf á sviðinu. Það er mat sviðsins að það sé vaxandi hópur ungs fólks sem kys það ráðningarfyrikomulag sem Afleysingastofa býður upp á og það sé mjög eftirsóknaveitt að fá þann hóp til starfa. Þá kemur sú staða mjög oft upp á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs að margir starfsmenn eru frá vegna veikinda á sama tíma sem veldur oft miklu álagi. Að geta leitað til Afleysingastofu í þeirri stöðu gagnast starfsstöðunum mjög mikið.

Menningar og ferðamálasvið og Þjónustu og nýsköpunarsvið eru jákvæð fyrir verkefninu en geta ekki sagt til um í hvaða tilvikum þau myndu nýta þjónustuna. Ekki er ljós þörf annarra sviða Reykjavíkurborgar á rekstri Afleysingastofu.

Lagt er til að útvíkka starfsemi Afleysingastofu þannig að stofan nái að þjónusta afleysingar í bæði í leik- og grunnskólum og jafnframt að byrja að sinna afleysingum á hjúkrunarheimilum og heimilum fyrir fatlað fólk á velferðarsviði.

Það er nokkuð flókið að meta eftirspurn og umfang á þjónustu Afleysingastofu. En sú reynsla sem komin er af rekstri Afleysingastofu er að þjónustan spurðist mjög vel út sem varð til þess að mun fleiri leikskólar óskuðu eftir þjónustu en Afleysingastofan náði að sinna. Og um leið og Afleysingastofan fer af stað í meira umfangi mun eftirspurnin án efa aukast jafnt og þétt.

Við upphaf reksturs Afleysingastofu fór mikill tími í almenna umsýslu og er áætlað að minni tími muni fara í slíka vinnu með aukinni reynslu við reksturinn. Á mynd 1 má sjá meðalvinnuframlag starfsmanna sem ráðnir voru í gegnum Afleysingastofu í klukkustundum og fjölda starfsmanna í starfi í gegnum stofuna í hverjum mánuði. Starfsmenn Afleysingastofu eru í breytilegu starfshlutfalli, allt frá 80% starfi niður í fáa tíma á mánuði. Á starfstíma Afleysingastofu var ráðið frá 2,2 stg. á mánuði og niður í 0,14 stg. í júlí þar sem Afleysingastofa fór í dvala vegna sumarlokana á leikskólum. Að meðaltali var ráðið í 1,78 stg. á mánuði að undanskildum sumarmánuðunum. Myndin sýnir virka starfsmenn í hverjum mánuði og hafa ber í huga að inni í þessari tölu eru ekki óvirkir starfsmenn sem eru þá starfsmenn sem velja að vinna ekki þann mánuð.



Mynd 1: Meðalvinnuframlag starfsfólks í klukkustundum og fjöldi starfsmanna við störf

Frá því í ágúst 2019 hefur starfsmaður hjá mannaúðs og starfsumhverfissviði sinnt Afleysingastofu ásamt öðrum verkefnum og má gróflega áætla að verkefni sem snúa að Afleysingastofu sé 40-50% stöðugildi. Með heilu stöðugildi í umsýslu Afleysingastofu væri hægt að tvöfalda starfsmannafjölda sem ráðin er hjá Afleysingastofu á þessu ári.

Til að starfsemi Afleysingastofu geti haldið áfram og hægt verði að útvíkka starfsemi hennar er nauðsynlegt að tryggja fjármagn til reksturs hennar. Í töflu 1 má sjá sundurliðun á kostnaði við rekstur Afleysingastofu á árinu 2020 og er þá gert ráð fyrir útvíkkun á starfsemi þannig að hægt verði að þjónusta fjölbreyttari starfsstaði innan borgarinnar. Stöðugildi starfsmanns felst m.a. í boðun viðtala þeirra einstaklinga sem sækja um, öflun umsagna, upplýsinga úr sakaskrá, gerð ráðningarsamnings og útfylling vinnustundar. Einnig þarf að para einstaklinga við störf sem laus eru hjá Reykjavíkurborg á þeim tímapunkti sem um ræðir. Endurgjöf til starfsmanna og upplýsingagjöf til stjórnenda ásamt því að kynna Afleysingastofu sem vinnustað og afla nýrra umsækjenda. Einnig var ljóst að þeir starfsstaðir sem njóta þjónustu Afleysingastofu munu ekki greiða kostnað vegna veikinda starfsmanna og eins þarf að gera ráð fyrir kostnaði fyrir auglýsingum og kynningum á þessu nýja verkefni.

Áætlaður kostnaður vegna Afleysingastofu 2020 er eftirfarandi.

Tafla 1: Heildarkostnaður vegna reksturs Afleysingastofu 2020.

Stöðugildi vegna reksturs Afleysingastofu	10,2 m.kr.
Veikinda- og þjálfunarkostnaður	4,5 m.kr.
Auglýsinga og markaðskostnaður	1,5 m.kr.
Heildarkostnaður fyrir árið 2020	16,2 m.kr.*

*hér er ekki komin inn kostnaður vegna kerfis sem sér um skráningu starfsmanna.

Mannauðs og starfsumhverfissvið telur að Afleysingastofa mæti þörf starfsstaða Reykjavíkurborgar vegna mönnunar á afleysingu á nýjan máta og á sama tíma er þessi möguleiki jákvæður fyrir ímynd Reykjavíkurborgar sem framtíðarvinnustaður. Afleysingastofa stuðlar að meiri fjölbreytileika í ráðningum til borgarinnar og farnar eru nýjar leiðir í mönnun. Markmiðið er að laða að nýja og hæfa umsækjendur til Reykjavíkurborgar sem annars myndi ekki sækja um störf hjá borginni. Starfsmenn Afleysingastofu geta skilgreint sinn vinnutíma og vinnustaður reynir að mæta óskum þeirra og koma til móts við starfsmenn með sveigjanleika. Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við Háskóla Íslands og mikill vilji er til áframhaldandi samvinnu með Afleysingastofu á þeim vettvangi. Einnig hafa önnur sveitarfélög sýnt Afleysingastofu áhuga og óskað eftir kynningu á verkefninu. Vinnufyrirkomulagið sem boðið er uppá hjá Afleysingastofu er lítið þekkt hér á landi en áratuga reynsla er á samskonar fyrirkomulagi á hinum norðurlöndunum og víðar.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs